

Ár 2004, þriðjudaginn 24. ágúst, er dómþing Dómstóls Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands (ÍSí) haldið af Halldóri Halldórssyni dómara í dómstól ÍSí.

Fyrir er tekið:

Mál nr. 3/2004

Krafa Lyfjaráðs ÍSí um að
Anna Soffía Víkingsdóttir
verði dæmd í keppnisbann.

Í málinu er kveðinn upp svofelldur

DÓMUR

I

Mál þetta er höfðað með kæru Lyfjaráðs ÍSí dagsettri og móttækinni af skrifstofu ÍSí 30. júní sl.

Kærð er Anna Soffía Víkingsdóttir, kt. 150785-3409, skráður félagi í Júdófélagi Reykjavíkur

Kröfur kæranda.

Þess er krafist að Dómstóll ÍSí dæmi kærðu í tveggja ára óhlutgengi til þátttöku í æfingum, keppnum og sýningum á vegum ÍSí, sambandsaðila ÍSí eða félaga eða deilda innan þeirra. Þá er þess krafist að kærði verði sviptur rétti til að gegna trúnaðarstörfum fyrir ÍSí, sambandsaðila þess eða félög eða deildir innan þeirra í tvö ár frá uppkvaðningu dómsins að telja.

Halldór Halldórsson dómari í Dómstól Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands fékk mál þetta til afgreiðslu 30. júní sl.

Eftirtalin skjöl hafa verið lögð fram. Nr. 1 krafa um bráðabirgðabann. Nr. 2 bréf Lyfjaeftirlitsnefndar ÍSí til Lyfjaráðs ÍSí. Nr. 3. lyfjaeftirlitsblað nr. 901 varðandi töku sýnis. Nr. 4. bréf Huddinge Universitetssjúkhus dags. 3. júní sl. Nr. 5 hluti félagatals Júdófélags Reykjavíkur. Nr. 6 móttökukvittun.

II

Í kæru er málavöxtum lýst þannig, að kærða hafi verið boðuð í lyfjaeftirlit þann 24. apríl sl. eftir keppni á Íslandsmóti í júdó. Kærða gekkst undir lyfjaeftirlitið og gaf þvagsýni (A- og B sýni). Sýnið var sent til greiningar á Huddinge Universitetssjúkhus í Svíþjóð. Niðurstaða greiningar á A-sýni bárust Lyfjaeftirlits-

nefnd ÍSÍ í byrjun júnímánaðar 2004. Niðurstöður sýndu að í sýninu var að finna þvagræsilyfið furosemide, en þvagræsilyf eru á lista WADA yfir bönnuð efni og aðferðir. Styrkur efnisins í þvagsýninu var 389 ng/ml, en ekki er tilgreindur neinn hámarksstyrkur fyrir furosemide.

Í gögnum málsins kemur fram að af hálfu Lyfjaráðs ÍSÍ var haft samband við kærðu og henni gerð grein fyrir niðurstöðu rannsóknar þvagsýnisins. Haft er eftir kærðu að niðurstaðan hefði komið henni á óvart. Einnig var haft eftir kærðu að hún hefði verið með ristiltappa og liðið illa vikur fyrir mótið. Hún hafi verið með mikinn bjúg í líkamanum miðvikudaginn fyrir íslandsmeistaramótið í júdó. Vegna þessa hafi hún tekið eina töflu af lyfinu Lasix Retard 30 mg. depotkaps sem hún fékk hjá móður sinni. Önnur lyf en astma- og verkjalyf hafi hún ekki tekið á þessum tíma. Þá kemur og fram í gögnum málsins að niðurstaða lyfjaprófsins hafi komið kærðu á óvart enda hafi hún ekki talið að lyfið gerði annað en að losa hana við bjúg. Í símtali við dómara málsins kom fram hjá kærðu að hún hafi verið með nýrnasjúkdóm og af þeim sökum hafi hún þurft á lyfjum að halda. Kærða óskaði ekki eftir að fram færi greining á B sýni.

Í samræmi við ákvæði greinar 27.5 var kærðu gefinn kostur á að skila greinargerð fyrir 9. júlí sl. en það gerði hún ekki. Jafnframt var kærða boðuð til þinghalds er málið var þingfest þann 26. júlí sl. en þann dag boðaði hún forföll vegna dvalar erlendis. Málið var þá tekið til dóms en dómari ákvað eigi að síður að ræða við kærðu áður en dómur yrði upp kveðinn í þeim tilgangi að ganga úr skugga um hvort einhverjar varnir væru af hennar hálfu og ef svo væri yrði málið endurupptekið og tekið til dóms að nýju.

III

Kærandi vísar kröfu sinni til stuðning til greinar 44.1 a í lögum ÍSÍ. Þar sem fram kemur að lyfjamisnotkun er bönnuð og að brot teljist framið ef efni sem er bannað samkvæmt lista WADA (World Anti-Doping Agency), sem samkvæmt lögum ÍSÍ gildir innan ÍSÍ, finnst í líkama eða líkamsvökvum íþróttamanns við lyfjaeftirlit. Kærandi telur sannað að kærða hafi gerst sek um lyfjamisnotkun. Hvað refsingu varðar vísar kærandi til 45.4. gr. í nefndum lögum ÍSÍ. Kærandi vísar til þess að samkvæmt nefndri grein 45.4 skuli refsing fyrir fyrsta brot á grein 44.1.a vera tveggja ára óhlotgengi til þátttöku í æfingum, keppni og sýningum innan íþróttahreyfingarinnar. Kærði bendir á að samkvæmt grein 45.7 sé heimilt að uppfylltum ákveðnum skilyrðum að beita vægari refsingum ef brot varða efni sem veruleg hætta

er á að íþróttamenn misnoti án ásetnings og sérstaklega eru tilgreind þannig á bannlista WADA, en þvagræsilyf eru meðal þeirra efna. Kærandi telur þó að skýrlega sé tekið fram á nefndum bannlista að beiting vægari refsingar vegna notkunar þvagræsilyfja komi ekki til greina í íþróttagreinum þar sem keppendum er raðað í þyngdarflokka og er júdo þar á meðal.

Að mati kæranda er nauðsynlegt að þeir sem gerast sekir um misnotkun lyfja gegni ekki trúnaðarstörfum innan íþróttahreyfingarinnar á sama tíma og þeir eru í æfinga- og keppnisbanni. Þá telur kærandi að slíkt bann sé til þess fallið að auka traust almennings á íþróttahreyfingunni.

IV

Þess er áður getið að kærða hefur ekki látið málið til sín taka. Þá hafði dómari símleiðis samband við kærðu þann 13. ágúst sl. er hún var komin heim frá útlöndum. Í því símtali kvaðst kærða ekki hafa miklu við það að bæta sem fram kemur í skjölum málsins.

Gögn málsins benda ótvírætt til þess að kærða hafi neytt furosemide þvagræsilyfs en það er á bannlista WADA. Er því ótvírætt að kærða hefur gerst sek um brot á grein 44.1.a í lögum ÍSÍ. Samkvæmt ákvæðum greinar 45.4. nefndra laga ÍSÍ skal refsing fyrir fyrsta brot á grein 44.1.a vera tveggja ára óhlutgengi til þátttöku í æfingum, keppni og sýningum sem fram fara á vegum ÍSÍ, sambandsaðila þess eða félaga eða deilda innan þeirra. Kærða hefur ekki áður verið fundin sek um misnotkun lyfja.

Lyf það sem kærða neytti er í flokki þvagræsilyfja sem eru bönnuð í öllum íþróttagreinum. Í reglum WADA er sérstaklega tekið fram að bannað er að veita undanþágu til notkunar þvagræsilyfja í lækningarskyni í tilgreindum íþróttagreinum þar sem keppendum er raðað í þyngdarflokka eða þar sem létting getur valdið bættum árangri og er júdo þar á meðal. (Kafli P3 á lista WADA yfir bönnuð efni og aðferðir.) Ákvæðið eins og það hljóðar bannar þannig eingöngu notkun þvagræsilyfja í ákveðnum íþróttagreinum í lækningaskyni en annað ekki. Í lista WADA eru talin upp nokkur sérstaklega tilgreind efni sem veruleg hættu er á að íþrótta menn misnoti án ásetnings vegna þess að þau er að finna í mörgum eða algengum lyfjum eða sem ekki eru miklar líkur á að verði misnotuð á árangursríkan hátt, grein 10.3 í grundvallarreglum WADA. Þar er tekið fram að hugsanlegt sé að beita vægari refsingum en ella við lyfjamisnotkun þar sem þessi efni koma við sögu enda sýni íþróttamaðurinn fram á að það hafi ekki verið ásetningur hans að nota hið bannaða

efni til að bæta árangur sinn í íþróttum. Þá er sérstaklega tekið fram varðandi þessi efni að ef um þvagræsilyf er að ræða eigi þetta ákvæði ekki við. Þegar þessi ákvæði eru skoðuð saman verður ekki hjá því komist að telja að beiting vægari refsingar eftir ákvæðum greinar 45.7 sé óheimil í þessu máli. Samkvæmt þessu er óheimilt að taka tillit til þess hvort kærða gerði sér grein fyrir eða mátti gera sér grein fyrir því hvaða lyf hún var að taka og að það var á bannlista og gera henni þá eftir atvikum vægari refsingu en grein 45. 4. gerir ráð fyrir. Ber því að fallast á kröfu kæranda um tveggja ára keppnisbann.

Í dómi Dómstóls ÍSÍ í máli nr. 6/2003 var fallist á kröfu þess efnis að dæma einstakling, sem fallið hafði á lyfjaprófi, tímabundið til útilokunar frá trúnaðarstörfum fyrir íþróttahreyfinguna. Í nefndum dómi var því jafnframt slegið föstu að ekki þyrfti í öllum tilfellum að fara saman lengd keppnisbanns og lengd banns við því að gegna trúnaðarstörfum. Kærða er ung að árum og hefur lýst ástæðum þess að hún tók eina töflu af nafngreindu lyfi til að losna við bjúg úr líkamanum. Þegar horft er til þessa þykir ekki ástæða til að dæma kærðu í bann við að gegna trúnaðarstörfum fyrir íþróttahreyfinguna og er þeirri kröfu því hafnað.

Dóm þennan kveður upp Halldór Halldórsson. Dómsuppsaga hefur dregist nokkuð bæði vegna dvalar kærðu erlendis og þess að dómari málsins hefur verið í sumarleyfi. Skrifstofa ÍSÍ mun annast birtingu dómsins fyrir kærðu og tilkynna JSÍ og Júdófélagi Reykjavíkur um niðurstöðu dómsins.

DÓMSORÐ

Kærða, Anna Soffía Víkingsdóttir, kt. 150785-3409, er óhlutgeng til þátttöku í æfingum, keppnum og sýningum á vegum ÍSÍ, sambandsaðila ÍSÍ eða félaga eða deilda inna þeirra í tvö ár frá og með deginum í dag að telja.

Halldór Halldórsson